

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1259  
komudagur 12.4.2005



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnun 1917

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2005.

**Efni: Till. til þingsál. um afnám verðtr. á fjárskuldbind. (182. mál).**

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu en efni hennar verið áður verið til umfjöllunar á Alþingi og Verzlunarráð þá komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Verzlunarráð er enn þeirrar skoðunar að ekki sé efni til fyrir að Alþingi að beita sér fyrir því formlegu afnámi verðtryggingar á inn- og útlánum.

Með tillögumni virðist vera gengið út frá því að lántakendur hafi ekki nú þegar val um lánskjör með og án verðtryggingar. Það er auðvitað ekki rétt. Þá er afar óljóst við hvað er átt með hugmyndinni um áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar *miðað við mismunandi verðbólguþig og forsendur Seðlabankans um verðbólguþig*.

Það er rétt sem fram kemur í greinargerð að verðtrygging þekkist ekki í mörgum löndum. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að verðbólga þekkist heldur ekki í öðrum vestrænum löndum í sama mæli og hér á landi. Nýlega bárust þannig af því fréttir að 12 mánaða verðbólga í febrúar hafi mælst næst mest hér á landi af öllum ríkjum OECD. Aðeins í Tyrklandi var hún hærri.

Verzlunarráð leggst gegn því að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

  
Sigríður Á. Andersen.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS  
HESSEI VERSLUNARRÁÐIÐ  
KRINGLÁN 7  
103 REYKJAVÍK

SÍMI/TEL. (354) 510 7100

FAX (354) 568 8564

info@chamber.is  
www.chamber.is